



BATTERÍÐ | ARKITEKTAR

Vífilsstaðir

Húsakönnun



Garðabær 2020

Unnið að beiðni Sólveigar Helgu Jóhannsdóttur, tækni-og umhverfissviði Garðabæjar.

Ábyrgðarmaður: Sigurður Einarsson, arkitekt, Batteríð arkitektar.

Sögulegt ágrip: Sigurður Einarsson og Bergdís Bjarnadóttir

Ljósmyndir í húsakönnun: Bergdís Bjarnadóttir

Svæðis- og matskort: Bergdís Bjarnadóttir

Mynd á forsiðu:

Loftmynd af svæðinu. Vefslóð: <https://www.visir.is/g/2010274172986/hundrad-ara-afmaeli-berklahaelisins-minnst>

Efnisyfirlit

1. Formáli	4
2. Sögulegt ágríp.....	5
3. Varðveislumat fyrir hús og mannvirki	7
4. Heimildaskrá.....	11
5. Fylgiskjal: skýrslur	12

1. Formáli

Gerð var húsakönnun fyrir Vífilsstaði og nærumhverfi ásamt byggingum golfklúbbsins GKG austan við Reykjanesbraut í Garðabæ. Byggðin í kringum Vífilsstaði og golfklúbbin er mjög dreifbýl og er því ekki um eiginlega götummynd að ræða. Húsin sem húsakönnunin nær til eru 16 á 15 hektara svæði. Flest þeirra má tengja við sögu Vífilsstaðahælisins, nokkur standa fyrir utan þann hóp og hús golfvallarins eru fjær og meira sér á báti.

Batteríið Arkitektar sáu um gerð könnunarinnar. Bergdís Bjarnadóttir vann könnunina ásamt uppsetningu og texta undir stjórn Sigurðar Einarssonar. Af hálfu Garðabæjar kom að þessari vinnu Sólveig Helga Jóhannsdóttir.

Verkefnið er unnið í samræmi við kröfur laga um menningarminjar nr. 80/2012 þess efnis að við gerð deiliskipulags í þegar byggðu umhverfi skuli ávallt fara fram húsakönnun er leiði í ljós hvort ástæða sé til að varðveita/friða einhver þau mannvirki er á viðkomandi svæði kynnu að leynast. Var verkefnið unnið í samráði við Minjastofnun Íslands er lagði til húsaskráningarforrit sem könnunin var unnin inn í. Gerð var minjaskráning árið 2019 fyrir skipulagssvæðið og sá Antikva ehf um skráninguna.



Mynd 1: loftmynd sem sýnir svæðið sem húsakönnunin nær til.

2. Sögulegt ágríp

Garðabær skiptist í þrjú svæði, miðsvæði, vestursvæði og suðursvæði. Vífilsstaðir er partur af miðsvæðinu sem einnig kallast Innbær. Það nær frá Arnarnesvogi til suðausturs að upplandi Garðabæjar við Smalaholt, Vífilsstaðavatn og Vífilsstaðahlið. Vífilsstaðir er afmarkað svæði austarlega á miðsvæðinu, sunnan við Vetrarmýrina, austan Reykjanesbrautar. Í Vetrarmýri eru hús golfvallar GKG, norðan við Vífilsstaðaveg. Allt Vífilsstaðalandið eru rúmir 200 hektarar og þar má finna mörg vinsæl útivistarsvæði, m.a. Vífilsstaðavatn, skógræktarsvæði í Smalaholti, Heiðmörk og golfvöllinn.

Vorið 2017 keypti Garðabær þann hluta Vífilsstaðalands sem var í eigu ríkisins. Í kjölfarið samþykkti bæjarstjórn þann 4. maí sama ár að efna til nýrrar samkeppni um rammaskipulag Vífilsstaðalands og Hnoðrahólts, þar sem horft væri á svæðið sem eina heild. Á þessu svæði er áætlað að verði allt að 2800 íbúðir þar sem ólíkir hagsmunir fléttast saman; atvinna, íbúðabygging, íþróttasvæði, spítali og golfvöllurinn GKG.



Mynd 2: loftmynd sem sýnir skipulagssvæðið ásamt staðhátum.

Margskonar byggingar eru á svæðinu, ólíkar í aldri, stærð og notkun. Þar er t.d. grunnskóli, tveir leikskólar, íbúðir, geymslur, nýlegt klúbbhús og önnur hús í niðurníðslu. Elsta byggingin sem húsakönnunin nær til og sú bygging sem flestir tengja svæðið við eru Vífilsstaðir, sem er partur af Landspítalanum í dag. Vífilsstaðir voru nefndir eftir Vífli sem fékk jörðina að gjöf frá Ingólfi Arnarsyni landnámsmanni. Vífill var þræll hans og nam þar land eftir að Ingólfur gaf honum frelsi.

Berklar komu líklega til landsins með landnámsmönnum og var orðinn landlægur sjúkdómur um aldamótin 1900. Um illviðráðanlegan smitsjúkdóm var að ræða og því var ákveðið að byggja sérstakt hús fyrir berklasjúklinga en það hafði verið gert í öðrum löndum. Árið 1906 stofnaði Oddfellowreglan á Íslandi félag í kringum byggingu Vífilsstaðahælisins. Áhugi landsins á verkefninu var mikill enda lagðist veikin á marga og þá sérstaklega ungt fólk. Það tók aðeins 16 mánuði að reisa húsið en arkitektinn var Rögnvaldur Ólafsson, sem oft var kallaður fyrsti íslenski arkitektinn. Hann lauk við teikningarnar í ágúst 1908 og 5. september 1910 var hælið opnað.

Hælið markar tímamót í íslenskri byggingarsögu þar sem það er fyrsta stórhýsið sem er að öllu leyti steinsteypt og teiknað og unnið af Íslendingum. Byggingin er dæmi um steinsteypuklassík og þegar hún var reist var um eina glæsilegustu byggingu landsins að ræða. Sjúklingum fjölgaði hratt og því þurfti að stækka bygginguna, Rögnvaldur teiknaði einnig fleiri hús tengd hælínu, m.a. fjósið sem var hans síðasta verk. Þá var hann orðinn veikur af berklum og lést hann á hælínu sjö árum eftir að hælið opnaði.



Mynd 3: Vífilsstaðir um miðja síðustu öld.

3. Varðveislumat fyrir hús og mannvirki

Við mat á varðveislugildi byggðar eru metnir fimm þættir: *Listrænt gildi (byggingarlist)*, *menningarsögulegt gildi*, *umhverfsgildi*, *upprunalegt gildi* og *tæknilegt ástand*. Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.


Úrvinnsla inn í húsaskráningarforrit Minjastofnunar var byggð á vettvangsferðum og teikningasafni Garðabæjar. Í fylgiskjali þessarar húsakönnunar koma fram helstu upplýsingar hvers húss á svæðinu ásamt varðveislumati.

Niðurstöður


Húsin á svæðinu eru eins misjöfn og þau eru mörg og er allur skalinn notaður í varðveislumati þeirra. Húsin eru m.a. talin mikilvæg í menningarsögunni og þegar kemur að byggingarlist og núverandi ástandi þeirra er staða þeirra ólík. Lagt er til að vernda með hverfisvernd í skipulagi Vífilsstaði ásamt sjö af elstu húsum svæðisins. Þau hús eru mikilvæg í þeirri heild sem þau mynda og lagt er til að sú heild verði líka vernduð. Byggðin umhverfis Vífilsstaði er talin mikilvæg í staðarmyndinni, bæði menningarsögulega og umhverfislega. Nánari ákvörðun og útfærsla verður skilgreind í deiliskipulagi svæðisins þegar það verður unnið.



Mynd 4: Verndarflokkar húsa og mannvirkja samkvæmt lögum um menningarmínjar.



Mynd 5: Verndarflokkar sem lagt er til að verði settir í deiliskipulag með hverfisvernd.



Mynd 6: Varðveislumat húsa og mannvirkja.


Margar minjar er að finna á deiliskipulagsreitnum samanber fornleifaskráningu sem unnin var af Antikva ehf 2019. Eftirfarandi er samantekt úr þeirri skýrslu.

„Á Vífilstöðum sjálfum er margt sem minnir á hið mikilvæga hlutverk þeirra sem lækningamiðstöðvar. Þar eru nokkrar merkilegar byggingar eftir fyrsta íslenska arkitektinn, Rögnvald Ólafsson. Auk spítalans [1607] sem var reistur árið 1910 má nefna gamla fjósið með sambyggðri hlöðu [1606] og starfsmannabústaði [1603-1604]. Þessi steinsteyptu hús urðu til á tímabilinu 1910-1916 og eru því orðin meira en hundrað ára. Öllu látlausari eru útihús [1631-1757].

Nánasta nágrenni Vífilstaða ber einnig merki um hlutverk þeirra við berklalækningar. Berklastíginn eða Jónshellnastíg [1613] sem sjúklingar gengu sér til heilsubótar alla leið að Jónshellum [1614] og tjölduðu og hvíldust á blettum meðfram honum. Áður var þetta fjárgata og í Jónshelli var skjól fyrir fé. Sömu minjar tengjast þannig bæði starfsemi sjúkrahússins og búskap frá Vífilstaðabænum áður.“



Mynd 8: Fornleifaskráning vegna rammahluta aðalskipulags, Vífilstaðaspítali (Ragnheiður Traustadóttir, Rúna K. Tetzschner og Ómar Smári Ármannsson 2019).



Mynd 7: Fornleifaskráning vegna rammahluta aðalskipulags, Vífilsstaðaland (Ragnheiður Traustadóttir, Rúna K. Tetzschner og Ómar Smári Ármannsson 2019).

4. Heimildaskrá

Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Garðabær

Fornleifaskráning Vífilsstaðalands unnin af Ragnheiði Traustadóttur, Rúnu K. Tetzschner og Ómari Smára Ármannssyni hjá Antikva ehf 2019.

Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir (2011). Vífilsstaðir - Ný framtíðarsýn.
Reykjavík: Landbúnaðarháskóli Íslands.
Vífilsstaðir - sagan í 100 ár, 2010.

Teikningasafn Garðabæjar. Garðabær

Þjóðskrá Íslands (2019). Skra.is

5. Fylgiskjal: skýrslur

Fyrsti eigandi: Íslenska ríkið

Hönnuður: Rögnvaldur Ólafsson. arkitekt

Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Landbúnaður

Núverandi notkun: Geymsla



Mynd af sarpur.is



Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	1924 Fjósið var stækkað til austurs og þar gerð hlaða.	Guðjón Samúelsson, arkitekt
Útveggir:	Múrsléttað			
Þakgerð:	Mænisþak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstaða:				
Útlit:	Tvilyft			

Saga:

Rögnvaldur Ólafsson, fyrsti Íslendingurinn sem nam byggingarlist og starfaði á Íslandi teiknaði Vífilisstaði ásamt viðbótarbyggingum og þar á meðal fjósið árið 1916, sem þótti glæsileg bygging. Þá var hann orðinn fjárskjúkur af berklum og var þetta hans síðasta verk. Fjósið var byggt fyrir búrekstur í tengslum við berklahælið því mikilvægt þótti að nóg væri af mjólk fyrir sjúklingana. Fjósið var byggt í áföngum og árið 1924 teiknaði Guðjón Samúelsson stækkun til austurs sem var nýtt undir hlöðu.

Varðveislumat:		
Listrænt gildi / Byggj.list:	Hátt	Fjósið er lýsandi dæmi um metnaðarfulla landbúnaðarbyggingu frá fyrri hluta 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Síðasta verk Rögnvaldar Ólafssonar arkitekts og byggt í tengslum við Vífilisstaði og var mikilvægur þáttur í starfseminni spítalans.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Byggingin er mikilvægur partur af umhverfi Vífilisstaðaspítala þar sem það stendur á opnu svæði við innkeyrsluna inn að Vífilisstöðum og fer ekki framhjá neinum sem keyrir þar um.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Fjósið var byggt í áföngum og hlöðu bætt við en hefur lítið breyst síðan þá.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Fjósið hefur fengið lítið viðhald síðustu ár og virðist tæknilegt ástand vera frekar lélegt.
Varðveislugildi:	Hátt	Mat á varðveislugildi byggir á byggingarlistarlegu- og menningarsögulegu gildi hússins.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti / Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Íslenska ríkið
Hönnuður: Gunnar Theodórsson
Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: Þjónusta
Núverandi notkun: Þjónusta



Teikning frá 1975



Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Steniklæðning			
Þakgerð:	Valmaþak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft			

Saga:

Húsið var byggt árið 1978 og flutti leikskólinn Sunnuhvoll inn í húsnæðið sama ár og hefur verið þar síðan. Fyrst var leikskólinn fyrir starfsmenn ríkisspítala en Garðabær tók yfir reksturinn árið 1997.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggj.list:	Lágt	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin. Lítið listrænt/byggingarlistarlegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekki er vitað til þess að húsið hafi mikið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Byggingin stendur ein og sér á opnu svæði vestan við Vífilsstaði og nær ekki að vera partur af þeirri staðarmynd sem þar er.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur lítið verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Ástand byggingarinnar lítur út fyrir að vera gott.

Varðveislugildi: Lágt Mat á varðveislugildi byggir helst á menningarsögulegu- og umhverfisgildi hússins.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Íslenska ríkið

Upphafleg notkun: Annað

Hönnuður: F.h. húsameistara ríkisins, Hannes Davíðsson

Núverandi notkun: Geymsla

Upphaflegur byggingarstíll: Annað



Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Hraunað			
Þakgerð:	Valmápak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft; Hornsneitt			

Saga:

Byggt árið 1945. Í byrjun var helmingur hússins notaður sem bílageymsla og helmingur undir trésmíðaverkstæði.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggj.list:	Lágt	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin. Lítið listrænt/byggingarlistarlegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er mikilvægur hluti af sögu Vífilsstaðaspítala.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Byggingin er hluti af heildinni umhverfis Vífilsstaðaspítala.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Hefur ekki breyst mikið frá upprunalegri mynd.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Það lítur út fyrir að ástand byggingarinnar sé sæmilegt.

Varðveislugildi: Miðlungs Mat á varðveislugildi byggir helst á menningarsögulegu- og umhverfisgildi hússins.

Verndarflokkar: Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Íslenska ríkið
Hönnuður: F.h. húsameistara ríkisins,
Guðjón Samúelsson og Einar Erlendsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Mynd af sarpur.is



Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað			
Þakgerð:	Mænisþak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft			

Saga:

Húsið var byggt árið 1925 sem búshús, þ.e. bústaður bústjóra en í dag eru þar íbúðir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Fallegt og reisulegt hús sem setur svip sinn á svæðið. Vel verndaður fulltrúi steinsteypuklassíkar á Íslandi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Byggt í nánum tengslum við Vífilsstaði og starfsemina þar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið varð snemma partur af byggðinni umhverfis Vífilsstaðaspítala og þeirri staðarmynd sem þar er.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Talið er að húsið hafi ekki breyst mikið síðan það var byggt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Ástand hússins er talið vera ábótavant.

Varðveislugildi:	Hátt	Mat á varðveislugildi byggir helst á byggingarlistar-, menningarsögulegu og umhverfisgildi hússins.
Verndarflokkar:		Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Íslenska ríkið

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: F.h. húsameistara ríkisins, Hannes Davíðsson

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi



Mynd tekin 2020

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteipt
Útveggir: Steniklæðning
Þakgerð: Valmaþak
Þakklæðning: Bárujárn
Undirstaða:
Útlit: Einlyft

Núverandi

Steinsteipt

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Húsið var byggt árið 1949 sem ráðshús, þ.e. bústaður ráðsmanns en í dag eru þar íbúðir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggj.list:	Miðlungs	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin. Miðlungs listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekki mikið menningarsögulegt gildi en var byggt í tengslum við Vífilsstaðaspítala tæpum 40 árum eftir opnun hans.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er partur af byggðinni umhverfis Vífilsstaðaspítala og þeirri heildarmynd sem þar er.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Talið er að húsið hafi ekki breyst mikið síðan það var byggt fyrir utan einhverjar útlits breytingar.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Ástand hússins er talið vera ábótavant.

Varðveislugildi:


Miðlungs Mat á varðveislugildi byggir helst á umhverfis- og listrænu gildi hússins.

Verndarflokkar:

Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Heilsuhælisfélagði
Hönnuður: Rögnvaldur Ólafsson. arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Berklahæli
Núverandi notkun: Hjúkrunarheimili



Teikning frá 1909



Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	1967 Lyftuhús	Halldór Sigmundsson
Útveggir:	Múrsléttað			
Þakgerð:	Valmaþak		1972 Vaktherbergi og geymla sett í innskot og nýtt anddyri ásamt skyggni.	Hörður Bjarnason
Þakklæðning:	Bárújárn		2003 Breytingar að utan og innan fyrir hjúkrunarheimili.	THG arkitektar
Undirstaða:				
Útlit:	Þrílyft			

Saga:

Heilsuhælið á Vífilsstöðum var tekið í notkun fyrir berklasjúklinga 5. desember 1910. Hælið markar tímamót í íslenskri byggingarsögu þar sem það er fyrsta stórhýsið sem er að öllu leyti steinsteyp og teiknað og unnið af Íslendingum. Byggingin er dæmi um steinsteypuklassík og þegar hún var reist var um eina glæsilegustu byggingu landsins að ræða. Rögnvaldur Ólafsson var arkitekt hússins en hann lést af berklum á hælínu 7 árum eftir að það opnaði. Sjúklingum fjölgaði hratt og því þurfti að stækka bygginguna ásamt því að byggðar voru fleiri byggingar á svæðinu, t.d. íbúðarhús og fjós.

Árið 1973 var hælínu breytt í almennt sjúkrahús og nafninu breytt í Vífilsstaðaspítala. Eftir sameiningu Vífilsstaðaspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur árið 2000 var spítalanum breytt í hjúkrunarheimili eftir miklar endurbætur þar sem reynt var að halda í ímynd hússins

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggj.list:	Hátt	Teiknað af Rögnvaldi Ólafssyni, fyrsta íslenska arkitektnum og fyrsta stórhýsið sem er að öllu leyti steinsteyp og teiknað og unnið af Íslendingum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Mikilvægur partur af sjúkrasögu Íslendinga og þá sér í lagi sem berklahæli fyrstu 60 árin.
Umhverfisgildi:	Hátt	Einn mikilvægur partur af Vífilsstöðum er umhverfi staðarins. Það er án efa fallegt og á sér mikla sögu. En náttúran þar í kring var ein af ástæðum þess að þessi staðsetning var valin fyrir hælið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Einhverjar breytingar hafa verið á húsinu en reynt að hald í ímynd hússins.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi, nema skýli við sólverandir sem er fallin eða léleg.

Varðveislugildi: Hátt Mat á varðveislugildi byggir helst á listrænu, menningarsögulegu og umhverfisgildi hússins.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Íslenska ríkið

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: F.h. húsameistara ríkisins, Einar Erlendsson

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi



Mynd tekin 2020

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Valmaþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða:
Útlit: Einlyft

Núverandi

Steinsteyp

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Húsið var byggt árið 1946 fyrir vistmenn og hét Rimman því það var barist hart um að fá að búa í því.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggj.list:	Miðlungs	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin. Miðlungs listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekki mikið menningarsögulegt gildi en var byggt í tengslum við Vífilsstaðaspítala tæpum 30 árum eftir opnun hans.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er partur af byggðinni umhverfis Vífilsstaðaspítala og þeirri heildarmynd sem þar er.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Talið er að húsið hafi ekki breyst mikið síðan það var byggt fyrir utan einhverjar útlitsbreytingar.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Ástand hússins er talið vera ábótavant.

Varðveislugildi:

Miðlungs Mat á varðveislugildi byggir helst á umhverfis- og listrænu gildi hússins.

Verndarflokkar:

Einstök hús, götumennd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Íslenska ríkið

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Mynd tekin 2020

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Valmaþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða:
Útlit: Tvílyft

Núverandi

Steinsteyp

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Húsið var fyrst byggt sem vélarhús en miklar breytingar hafa verið gerðar á því og kom Guðjón Samúelsson að einhverjum breytinganna. Í dag eru þetta tvö sambyggð íbúðarhús sem voru kölluð Davíðsborg og Önnuborg. Vestan við húsið er partur af viðbyggingu sem var lengri áður fyrr og þá var þar líkhús og smíða- og saumastofa.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin. Hátt listrænt/byggingarlistarlegt gildi þar sem húsið er vandað í hönnun síns tíma.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið var byggt í tengslum við Vífilsstaði og starfsemina þar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er partur af byggðinni umhverfis Vífilsstaðaspítala og þeirri heildarmynd sem þar er.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur líklega ekki breyst mikið.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Ástand hússins er talið vera ábótavant.

Varðveislugildi:

Hátt

Mat á varðveislugildi byggir helst á umhverfis- og byggingarlistar gildi hússins.

Verndarflokkar:

Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Byggingarár: 1938

Vífilsstaðavegur 115, 117 (Spítalavegur 11a)


Fyrsti eigandi: Íslenska ríkið

Hönnuður: F.h. húsameistara ríkisins, Ágúst Pálsson

Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Leikskóli



Teikning frá 2013



Mynd tekin 2020

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteipt

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Valmápak

Þakklæðning: Bárujárn

Undirstaða:

Útlit: Einlyft

Núverandi

Steinsteipt

Timbur

Viðbygging

Helstu breytingar:

2014 2 færanlegar kennslustofur úr timbri og millibygging.

Hönnuðir breytinga:

THG Arkitektar

Saga:

Húsið var byggt sem læknabústaður árið 1938. Árið 2013 var það innréttað fyrir ungbarnaleikskóla og er enn leikskóli í dag en bætt hefur verið við viðbyggingum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggj.list: Miðlungs

Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin. Miðlungs listrænt gildi.

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Ekki mikið menningarsögulegt gildi en var byggt í tengslum við Vífilsstaðaspítala tæpum 30 árum eftir opnun hans.

Umhverfislífgildi: Miðlungs

Húsið er partur af byggðinni umhverfis Vífilsstaðaspítala og þeirri heildarmynd sem þar er.

Upprunalegt gildi: Lágt

Húsið hefur breyst mikið síðan það var byggt, nú er það klætt með timbri og tvær viðbyggingar búnar að bætast við ásamt millibyggingu.

Tæknilegt ástand: Miðlungs

Húsið er líklega í fínu standi.

Varðveislugildi:

Miðlungs

Mat á varðveislugildi byggir helst á umhverfis- og listrænu gildi hússins.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Íslenska ríkið
Hönnuður: Guðjón Samúelsson. arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Engin



Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útveggir:	Múrsléttað			
Þakgerð:	Gaflsneitt þak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft			

Saga:

Byggt árið 1920 sem yfirlæknisbústaður. Fyrst bjó í húsinu Sigurður Magnússon yfirlæknir á Vífilsstöðum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Fallegt og reisulegt hús sem þótti mjög glæsilegt á tímum berklahælisins.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Verk Guðjóns Samúelssonar arkitekts, byggt fyrir yfirlækna Vífilsstaða.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af byggðinni umhverfis Vífilsstaðaspítala og þeirri heildarmynd sem þar er.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur líklega ekki breyst mikið.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er ekki í góðu standi.

Varðveislugildi:	Hátt	Mat á varðveislugildi byggir helst á byggingarlistar-, menningarsögulegu- og umhverfisgildi hússins.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti / Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Íslenska ríkið
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Steniklæðning			
Þakgerð:	Mænisþak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft			

Saga:

Byggt árið 1972.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin. Miðlungs listrænt/byggingarlistarlegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekki er vitað til þess að húsið hafi mikið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er partur af dreyfðu byggðinni umhverfis Vífilsstaðaspítala.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Ekki er vitað til þess að húsið hafi breyst mikið.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er ekki í góðu standi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Mat á varðveislugildi byggir helst á listrænu- og umhverfisgildi hússins.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Garðabær

Upphafleg notkun: Skóli

Hönnuður: Steinar Sigurðsson

Núverandi notkun: Skóli

Upphaflegur byggingarstíll: Annað



Teikning frá 2006



Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Timbur			
Þakgerð:	Mænisþak			
Þakklæðning:	Bárújárn			
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft			

Saga:

Húsið er byggt árið 2007 fyrir Barnaskóla Hjallastefnunnar úr sjö færanlegum timbureiningum sem er raðað saman.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Byggingartækni er hefðbundin og listrænt gildi ekki hátt.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er eitt af nýrri húsum á svæðinu og ekki mikilvægur partur af nærliggjandi umhverfi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Ekki er vitað til að húsinu hafi verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu standi.

Varðveislugildi: Lágt Mat á varðveislugildi byggir helst á listrænu- og menningarsögulegu gildi hússins.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Íslenska ríkið
Hönnuður: Geirharður Þorsteinsson og Hróbjartur
Hróbjartsson, arkitekt

Upphafleg notkun: Vistheimili
Núverandi notkun: Skóli



Teikning frá 1972



Mynd tekin 2020

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Geiraris
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða:
Útlit: Tvílyft

Núverandi

Steinsteyp

Helstu breytingar:

2003 Starfsemi breytt í grunnskóla

Hönnuðir breytinga:

Þorsteinn Geirharðsson,
arkitekt

Saga:

Byggt árið 1972. Húsið var kallað Pilsakot og þar bjuggu hjúkrunarkonurnar sem unnu á Vífilsstöðum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggj.list:	Miðlungs	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin. Miðlungs listrænt/byggingarlistarlegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið var byggt í tengslum við Vífilsstaði og starfsemina þar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er partur af staðarmynd sem það myndar ásamt öðrum skólabyggingum.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Ekki er vitað til að húsinu hafi verið breytt at utan en breytingar hafa verið gerðar innanhúss.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Verið er að lagfæra húsið að innan.

Varðveislugildi:


Miðlungs

Mat á varðveislugildi byggir helst á ástandi, umhverfis- og menningarsögulegu gildi hússins.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Garðabær
Hönnuður: Kjartan Sigurðsson
Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun: Skóli
Núverandi notkun: Skóli



Teikning frá 2010



Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Bárujárn			
Þakgerð:	Mænisþak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft			

Saga:

Byggt árið 2012.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggj. list:	Lágt	Byggingartækni er hefðbundin og listrænt gildi ekki hátt.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfislífgildi:	Lágt	Húsið er eitt af nýrri húsum á svæðinu og ekki mikilvægur partur af nærliggjandi umhverfi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Ekki er vitað til að húsinu hafi verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu standi.

Varðveislugildi: Lágt Mat á varðveislugildi byggir helst á listrænu- og menningarsögulegu gildi hússins.

Verndarflokkar:


Fyrsti eigandi: GKG

Hönnuður: Helgi Már Halldórsson. arkitekt

Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun: Þjónusta

Núverandi notkun: Þjónusta



Teikning frá 2014



Mynd tekin 2020

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteipt

Útveggir: Annað

Þakgerð: Flatt þak

Þakklæðning: Torf

Undirstaða:

Útlit: Einlyft

Núverandi

Steinsteipt

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Byggt árið 2016.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggj.list: Miðlungs Byggingartækni er hefðbundin. Hlutföll, efnisval og heildar útlit er gott.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Hefur ágætt menningarsögulegt gildi.

Umhverfislífgildi: Miðlungs Húsið liggur í jaðri golfvallarins við Vífilsstaði og fellur vel að umhverfinu.

Upprunalegt gildi: Hátt Litlar eða engar breytingar hafa orðið á húsinu.

Tæknilegt ástand: Hátt Húsið er í góðu standi.

Varðveislugildi: Miðlungs Mat á varðveislugildi byggir helst á menningarsögulegu-, umhverfis- og listrænu gildi hússins.

Verndarflokkar:


Fyrsti eigandi: GKG

Hönnuður: Gunnar Guðnason. arkitekt

Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: geymsla

Núverandi notkun: geymsla



Teikning frá 1995



Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Timbur			
Þakgerð:	Einhalla (skúrpak)			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft			

Saga:

Byggt árið 1995.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggj. list:	Lágt	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin. Lítið listrænt/byggingarlistarlegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur ekki mikið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið fellur ágætlega að umhverfinu en er ekki mikilvægur partur af nærliggjandi umhverfi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Litlar breytingar hafa orðið á húsinu.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu standi.

Varðveislugildi: Lágt Mat á varðveislugildi byggir helst á listrænu-, umhverfis- og menningarsögulegu gildi hússins.

Verndarflokkar: